

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 19/2010

frá 12. mars 2010

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2010 frá 1. mars 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 832/2007 frá 16. júlí 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 197/2006 að því er varðar notkun á matvælum sem eru ekki lengur ætluð til neyslu og framlengingu gildistíma bráðabirgðaráðstafara í tengslum við slík matvæli ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 829/2007 frá 28. júní 2007 um breytingu á I., II., VII., VIII., X. og XI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar setningu tiltekinna aukaafurða úr dýrum á markað ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1432/2007 frá 5. desember 2007 um breytingu á I., II. og VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar merkingar og flutning aukaafurða úr dýrum ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1576/2007 frá 21. desember 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 92/2005 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar aðferðir við förgun eða notkun á aukaafurðum úr dýrum ⁽⁵⁾.
- 6) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.
- 7) Ákvörðun þessi tekur til Íslands með aðlögunarfrestinum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka á þeim sviðum sem vörðuðu ekki Ísland áður en kaflinn var endurskoðaður samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 26. október 2007 ⁽⁶⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 4, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 30, 10.6.2010, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 185, 17.7.2007, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 191, 21.7.2007, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 320, 6.12.2007, bls. 13.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 89.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 27, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 34.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 9b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002) í hluta 7.1:
 - „– **32007 R 0829**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 829/2007 frá 28. júní 2007 (Stjtíð. ESB L 191, 21.7.2007, bls. 1),
 - **32007 R 1432**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1432/2007 frá 5. desember 2007 (Stjtíð. ESB L 320, 6.12.2007, bls. 13).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 92/2005) í hluta 7.2:
 - „– **32007 R 1576**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1576/2007 frá 21. desember 2007 (Stjtíð. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 89).“
3. Eftirfarandi bætist við í 45. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 197/2006) í hluta 7.2:
 - „eins og henni var breytt með:
 - **32007 R 0832**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 832/2007 frá 16. júlí 2007 (Stjtíð. ESB L 185, 17.7.2007, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 832/2007, 829/2007, 1432/2007 og 1576/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. mars 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*) eða gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2007 frá 26. október 2007, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. mars 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
A. Scatter

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

formaður.